

AUGLÝSING

um stöðvun strandveiða á svæði C, frá Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps.

1. gr.

Frá og með 28. ágúst til og með 31. ágúst 2013 eru strandveiðar bannaðar á svæði C, Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 304/2013, um strandveiðar fiskveiðiárið 2012/2013.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 2. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. a. lið 2. gr. laga nr. 82/2013, um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fiskistofu, 26. ágúst 2013.

Hrefna Gísladóttir,
sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs.

Jón Valgeir Guðmundsson.